

SJÓVÁ

Sími: 436 1617 & 893 5445
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

838. tbl - 18. árg.

5. júlí 2018



Hlaupið í lausamöl og snjó

Snæfellsjökulhlaupið fór fram í áttunda sinn laugardaginn 30. júní síðastliðinn. Hefur hlaupið vaxið jafnt og þétt á þessum átta árum, í ár tóku 164 keppendur þátt en þátttökumet var slegið í fyrra þegar þátttakendur voru 211. Hlaupaleiðin í hlaupinu er frekar erfið, mikið er um lausamöl á leiðinni og brekkur auk þess sem hlaupararnir þurftu að fara yfir 5 kílómetra snjóskafl á leiðinni en hlaupið er 22 kílómetra frá Arnarstapa yfir jökulháls og komið niður í Ólafsvík. Fyrir hlaupinu standa þau Rán Kristinsdóttir og Fannar Baldursson og hafa þau gert það með miklum myndugleik þessi átta ár. Tekið er á móti hlaupurum með súpu auk þess sem dregnir eru út alls kyns vinningar sem og veitt eru verðlaun. Það var Ingvi Hjartarson sem varð í fyrsta sæti hjá körlunum að þessu sinni á tímanum 1,37,03



og hjá konunum var það Helena Ólafsdóttir á tímanum 2,01,35. Af heimamönnum fjórum sem tóku þátt í hlaupinu að þessu sinni kom Oddur Orri Brynjars-

son fyrstur á tímanum 1,53,35 en hann var í 10 sæti yfir alla keppendur, Ari Bjarnason kom í mark á tímanum 2,28,28, Gunnar

Bjarki Baldvinsson á 2,36,28 og Gunnsteinn Sigurðsson á 3,09,22.

þa



**FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS**

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggtitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is



40 ára starf að baki



Sigrún Harðardóttir lét af störfum í útibúi Landsbankans í Snæfellsbæ á síðasta föstudag eftir 40 ára starf í bankanum og átti hún einnig 40 ára starfsafmæli þennan saman dag. Af þessu tilefni var boðið upp á kökur og kaffi í bankanum fyrir viðskiptavinum og gesti. Starfsfólk Smiðjunnar kom einnig

færandi hendi og færði Sigrúnu handunnið kerti og taupoka sem þau búa til sjálf. Sigrún fer þó fyrst í sumarfrí en á þó von á því að það verði skritið að mæta ekki í vinnuna þegar því lýkur og hitta vinnufélagana. Hana kvíðir þó ekki að vera hætt að vinna og er viss um að hún finni sér nóg að gera.

þa

Víkingur í þriðja sæti

Það var sannkallaður vesturlandslagur sem fram fór á Ólafsvíkuvelli á síðasta föstudag. Þá tóku heimamenn í Víking Ólafsvík á móti ÍA í INKASSO deildinni var leikurinn jafn framan af og gat í raun farið á hvorn veg. Vörn Víkings var þétt frá fyrstu mínútu og greinilegt að það átti að gefa allt í leikinn. Það var svo á 15. mínútu að Alexander Helgi Sigurðarson skoraði frábært mark og heimamenn komnir yfir 1 - 0. Á 78. mínútu skoraði Gonzalo Leon annað mark heimamanna og staðan orðin vænleg 2 - 0. ÍA náði ekki að skora fyrir en á 5. mínútu uppbótartíma, sem var 7 mínútur að þessu sinni, þegar Steinar Þorsteinsson skoraði og staðan því orðin 2 - 1 og urðu það



lokatalur leiksins. Voru stigin þrjú sem heimamenn fengu þeim mikilvæg en með sigri komust þeir í 3. sæti deildarinnar 2 stigum á eftir toppliðinu HK og 1 stigi á eftir ÍA sem er í 2. sæti. Víkingur sækir Njarðvík heim í næsta leik.

þa

Coda 12 spora fundur

Fimmtudögum kl 20:30 í Samkomuhúsinu Arnarstapa.
Nýliðar velkomnir 20 mín. fyrir fund.
Nánari upplýsingar á www.coda.is

Sumarfrí Jökuls og Steinprents

Síðasta blað Jökuls fyrir sumarfrí kemur út **12. júlí**. Útgáfa Jökuls fer svo í sumarfrí fram yfir verslunarhelgi og því kemur fyrsta blað eftir frí út **16. ágúst**

Prentsmiðjan Steinprent og afgreiðsla Sjóvá verður lokuð:

föstudaginn 6. júlí
og dagana 13. júlí - 7. ágúst



Bifreiðaverkstaði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Snæfellsjökulhlaupið 2018

vill þakka eftirtöldum fyrirtækjum
fyrir veittan stuðning

Úthald.is
Spotvörur
Sker Restaurant
Hraun Veitingahús
Viðvík Restaurant
Gillbakki Kaffihús
Sælgæstigerðin Góa
Olís Rekstrarland
Ölgerðin
Verslunin Kassinn
Hraðfrystihús Hellissands
Söluskái ÓK
Vífílfell
Landsbankinn
Blómsturvellir
Áttthagastofa
Snæfellsbær

Vegagerðin
Grunnskóli Snæfellsbæjar
Langaholt
Brauðgerð Ólafsvíkur
Fiskmarkaður Íslands
Sundlaug Snæfellsbæjar
Sjávariðjan Rífi
Apótek Ólafsvíkur
Arnarstapi Center
Summit Adventure Guides
Hóperðabílar Svans ehf
Gistiheimilið Við Hafði
Ípróttahús Snæfellsbæjar
Jako
Björgunarsveitin Lífsbjörg
Unglingadeildin Dreki

Gamla réttin í Ólafsvík



Áhugahópur um uppbyggingu gömlu réttarinnar þakkar fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum stuðninginn, enn á ný leitum við til ykkar. Margt smátt gerir eitt stórt.

Byggðalagið allt mun njóta uppbyggingarinnar. Tenging við skógræktina mun gera svæðið skemmtilegra til gönguferða og útivistar auk þess sem ferðaþjónustan mun eignast áhugaverðan áningastað. Í sumar höldum við áfram verkefni.

Frjáls framlög má leggja inn á reikning í Landsbanka Íslands í Ólafsvík 190-15-380065 á kennitölu Áttthagastofu Snæfellsbæjar 671108-1670. Marínó Mortensen hjá Deloitte er vörslumaður reikningsins.

Vonumst til að sjá sem flesta í hleðsluvinnu, verkið hefst 9. júlí.

Allar frekari upplýsingar má fá hjá Guðrúnu Tryggvadóttur sími 894-5160, Sólva Konráðssyni í sími 894-2832 eða Lydíu Rafnsdóttur sími 892-5302.

Geymið auglýsinguna



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Þjóðleg mýkt og hlýja

Þæfð ullarverk eftir Kömmu í Fjörhúsinu á Hellnum, Snæfellsnesi

Umlukið undurfallegum sjávarhömrum á Hellnum er hið töfrandi Fjörhús, lítið kaffihús þar sem haldnar eru myndlistarsýningar í hverjum mánuði. Nú um helgina sveipast veggir Fjörhússins ull því sett verður upp sýning með þæfðum ullarverkum eftir

Kömmu Nielsdóttur. Ullinni fylgir þjóðleg mýkt og hlýja sem eykur enn á notalegt andrúmsloft Fjörhússins og feegurð umhverfisins. Nú má því njóta alls í senn á staðnum: listar, náttúru og góðs matar og því er um að gera að drífa sig til Hellna.



**BIFREIÐAÞJÓNUSTA
SNÆFELLSNESS**

- Almennar bílaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Dekkjaskipti og viðgerðir
- Rúðuskipti
- Stjórnun viðgerðir á framrúðu
- Tölvulestur

S: 438-6933 - kbbilav@simnet.is - Sólvellir 5 - Grundarfjörður
Opnunartími 8-12 og 13-17 - Verið velkomin

Hvaða hagsmunir voru hafðir að leiðarljósi við val á knattspyrnu gervigrasi fyrir Ólafsvík ?

Víkingur Ólafsvík fékk upplýsingar um miklu raunverulegra, snyrtilegra, öruggara, endingarbetra, viðhaldsléttara og útlitslega eðlilegra knattspyrnugras heldur en valið gúmmí og sandgras fyrir iðkendur sína.

Engin svör hafa borist frá þeim hvers vegna þeir hunsuðu knattspyrnuyfirborð sem er það raunverulegasta í heimi og skynsamlegasti valkosturinn.

Hvað bauðst þeim ?

Þeim bauðst fylliefnalaust gervigras frá hágæða 75 ára Svissneskum framleiðanda sem fullyrðir að vera með raunverulegasta knattspyrnugras í heimi og bakkar það upp með 10 ára framleiðsluábyrgð á knattspyrnueiginleikum.

Hvað með verð ?

Grasið er dýrara í upphafi innkaupa en á móti kemur að viðhald er margfalt minna og ódýrara auk þess sem iðkendur elska að spila á alvöru keppnisgrasi. Útreikningar sýna að Svissneska grasið er ódýrara þegar horft er til 10 ára tímabils.

Hvernig á að þrifa snjó og ísingu af vellinum ?

Svissneska grasið er auðveldlega burstað eða saltað þar sem það er byggt eingöngu á grasþráðum, það þarf ekki að vera upphitað eins og gúmmí kerfi. Gúmmíð getur orðið mjög hált og því stórhættulegt fyrir iðkendur.

Hvað með fjaðureiginleika ?

Fullkomnir fjaðureiginleikar alltaf því Svissneska grasið er með fasta fjaðureiginleika en ekki laust gúmmí og sand sem dreifist og þarf endalaust að jafna út. Þú getur treyst því að iðkandi hlaupi og detti ávallt á fullkomlega fjaðrandi völl.

Endast knattspyrnueiginleikar lengur ?

3G (sand og gúmmí) gras frá Svissneska framleiðandanum entist miklu styttra í eiginleikum og endingu heldur en 4G (án fylliefna). Ástæðan er sú að uppbygging þráðanna er önnur en þekkt hefur áður. Þráðurinn er tvöfalður, það er girni sem er hjúpað með húðverndandi plastkápu - Hard Core - Soft Hell. Girnið gerir það að verkum að þræðirnir rísa upp aftur

og ekki þarf fylliefni. Þetta er einstök hönnun og er framleiðandinn með einkaleyfi á framleiðslu þessara þráða.

Er þá 3G (gúmmí og sandur) úrelt eins og með GSM símana?

Já í rauninni eru innfylliefni úrelt og tilheyra eldri kynslóðum í gervigras þróunarsögunni.

Því miður hafa kassahugsandi og spilltir aðilar hamlað þessari stórkostlegu framþróun. Ólafsvík er eitt dæmið um slíkan hugsunarhátt þar sem valið er 3G úrelt kerfi sem gaman væri að fá rök fyrir hvað það hefur fram að fara í samanburði við 4G.

Hvað með FIFA ?

Varan hefur m.a. tekið álagsspróf og eiginleikapróf FIFA og staðist án þess að nota gramm af gúmmí eða sandi. Að sögn Svissneska framleiðandans setja þeir markið miklu hærra en að uppfylla þessar lágmarkskröfur FIFA. Má þar nefna miklu lengri endingu, heilbrigðisþátt iðkenda sem eru lausir við svífryk og hættuleg innihaldsefni gúmmís, umhverfisvernd þar sem um hættuminnsta innihald eiturefna er að ræða, raunverulega fjaðureiginleika sem virka ekki eins og of mjúkt mosagras eða þungt sandgras og að auki með fasta fullkomna fjöðrun, sýkingarhætta vegna gúmmís úr sögunni, þríf auðveld o.s.frv.

Það er svakalega mikill munur á 4G og 3G Sandgúmmígrasi.

Fleiri þúsund krakkar spila árlega á þessum völlum og er eðlilegt að vanda skuli valið og að menn kynni sér nýjungar í greininni. Það væri gott að vita hvort þessar nýjungar í 4G innfylliefnalausum Knattspyrnugrasi séu ekki nægilega miklar fyrir bæjarfélagið, umhverfið, börnin og foreldrana.

Einhverra hluta vegna er hausinn á þessum aðilum pikkfastur djúpt í gúmmí og sandi af óskiljanlegum ástæðum.

Myndin dæmir sig sjálf á því hvað við gætum verið framarlega í vali á raunverulegu knattspyrnugrasi en ekki föst í gamalli vöru með öll sín vandamál.

Sveinbjörn Freyr Arnaldsson
sveinbjornfreyr@gmail.com



Sandara og Rifsaragleðin

13. - 15. júlí 2018

drög af dagskrá:
snb.is og Facebook



Grundarfjarðarbær

Íbúð fyrir eldri borgara í Grundarfirði

Íbúð fyrir eldri borgara að Hrannarstíg 18
er laus til umsóknar.

Um er að ræða leiguíbúð með búseturétti
og 20% hlutareign.

Íbúðin er tveggja herbergja, 57,5 ferm.

Nánari upplýsingar eru veittar
á bæjarskrifstofu í síma 430 8500 og
einnig á heimasíðu Grundarfjarðarbæjar,
www.grundarfjordur.is

Umsóknarfrestur er til 17. júlí 2018.



Grundarfjarðarbær

Fundartímar bæjarstjórnar

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar ákvað á sínum fyrsta
fundi að reglulegir fundir bæjarstjórnar verði haldnir
annan fimmtudag í hverjum mánuði, að undanskildu
sumarhléi, kl. 16.30, í Ráðhúsi Grundarfjarðar.

Fundir bæjarstjórnar eru öllum opnir, en heimilt er að
einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum, teljist það
nauðsynlegt.

Fundir bæjarstjórnar ásamt dagskrá verða auglýstir á
vef bæjarins tveimur sólahringum fyrir fund.

Næsti fundur bæjarstjórnar eftir sumarleyfi verður
16. ágúst nk.

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar